



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Fundargerð Skólanefnd

22. fundur

Fundur í Reykjahlíðarskóla mánudaginn 3. febrúar 2014

Mættir voru: Puríður Helgadóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Arnfríður Jónsdóttir og Eyþór Pétursson. Friðrik boðaði forföll og gat varafulltrúi hans ekki mætt. Þóra Ottósdóttir, leikskólastjóri, sat lið 1 og 3. Sólveig Jónsdóttir, skólastjóri grunn- og tónlistarskóla, sat lið 1, 2 og 5. Auður Jónsdóttir, fulltrúi kennara, sat lið 2 og 5. Sigríður Sigmundsdóttir, fulltrúi foreldra, sat lið 1, 2, 3 og 5.

1. Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna. Formaður ritar fundargerð.
2. **Reykjahlíðarskóli / Tónlistarskóli**
 - a) Vorönn - **Tónlistaskóli**: 12 nemendur í tónlistaskólanum - 11 hjá Jaan og 1 hjá Hjördísi. Til þess að allir fengju inni þá er var tíminn stytur í 2x 20 mín á nemenda.
Reykjahlíðarskóli
 - * skíðaferð í mars,
 - * einn skipulagsdagur
 - * ekki verðu farið á skólahreysti vegna fæðar nemenda
 - * sjálfsmats skólans verður endurtekinn í febrúar, tvær kannanir verða gerðar af Skólapúlsinum - fyrir foreldra og starfsfólk, líðankönnun verðu gerð aftur og þá verða þau einnig spurð útí prófafyrirkomulag um jól
 - * ekki utanlandsferð svo ekki þarf að hreifa við skólaslitum
 - * gert er ráð fyrir skólabúðum í samstarfi við Húsavíkurskóla

b) Kynning á niðurstöðum um „Líðan í skólanum“ - niðurstöður hafa ekki verið kynntar nemendum. 5. - 10. bekkur tóku þátt í könnuninni og var ekkert sem var sláandi. Samt eru þar inni atriði sem vert er að hafa gætur á.

c) Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa haust 2013 - Útkoman er yfirleitt mjög góð og búið að ræða inna kennarahópsins hvað má betur fara og byrjað að vinna í því.

3. Leikskólinn Ylur

a) Sumaropnun 2014 - Þóra segir frá nýtingu fyrirkomulagsins frá sumrinu 2013 og var nýtingin góð miðað við það sem skráð hafði verið. Skólanefnd leggur til að fyrirkomulag sumarsins 2013 verði reynt aftur og tekin verði ákvörðun á haustdögum um sumarlokun 2015.

b) Verðskrá 2014 - Skólanefnd leggst á móti hækkunum á leikskólagjöldum en setur sig ekki upp á móti hækkunum á tónlistarskólagjöldum.

4. Skólafundur - fundarmenn koma með tillögur að breytingum á næsta fund.

5. Önnur mál - Finnskur kennari hafði samband og bað um samstarf við kennara og skólann hér í Mývatnssveit. Kennararnir kynntust í gegnum Austurríkissamstarfið. Móttakan gæti haft einhvern kostnað fyrir sveitafélagið í för með sér. Kennarahópurinn hefur áhuga á að taka á móti þeim vorið 2015 en vilja halda því samt opnu að halda áfram ferðinni til Austurríkis ef boð um þátttöku þar um, heldur áfram að berast. Skólanefnd tekur jákvætt í samstarf sem eflir vísýni nemenda.

Fleira ekki bókað